



Grundarfjarðarbær

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Grundarfjarðarbæjar

1. gr.

Við birtingu á fundargerðum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda bæjarins á vef Grundarfjarðarbæjar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn er varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, á þann hátt sem reglur þessar tilgreina.

2. gr.

Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012. Um getur verið að ræða:

1. Gögn er varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
2. Gögn er tengjast dómsmálum eða athugun á því hvort slík mál skulu höfðuð.
3. Gögn ef birting þeirra getur spillt viðskiptahagsmunum sveitarfélagsins.
4. Gögn er varða upplýsingar um málefni starfsmanna.
5. Vinnugögn vegna undirbúnings ákvörðunar í málum.
6. Gögn er varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila.
7. Gögn er varða mikilvæga almannahagsmuni.

3. gr.

Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir í 2. gr., en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.

4. gr.

Ákvörðun um birtingu gagna með fundargerðum skal vera á ábyrgð þeirra aðila sem rita fundargerðir og annast birtingu þeirra á vef Grundarfjarðarbæjar, í samráði við viðkomandi sviðsstjóra og/eða formann nefndar. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerðum, skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt lögum.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekin mál, sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði, skal beiðni um slíkt berast bæjarskrifstofu Grundarfjarðarbæjar á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is

6. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, samþykktar um stjórn Grundarfjarðarbæjar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði 22.02.2021 og í bæjarstjórn 11.03.2021.